

FRÉTTIR

Frumþrykk eftir meistara Francisco de Goya í Listasafninu á Akureyri



Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri.



Mynd úr röðinni Kenjarnar, „Pvilk hagleikskona“ heitir þessi.



Eitt verkið úr myndröðinni Kenjunum, „Stundin er runnin upp“.

Samviskan dregin upp

Akureyri. Morgunblaðið.

Sýning á frægasta listaverki eins frægasta listamanns heimlistasögunnar, Kenjunum (Los Caprichos) eftir spænska snillinginn Francisco de Goya (1746-1828) verður opnuð á laugardaginn í Listasafninu á Akureyri.

„Það má með sanni segja að þetta sé líklega frægasta listaverk sem ratað hefur til Íslands en þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem Goya er sýndur hér á landi,“ segir Hannes Sigurðsson forstöðumaður Listasafnsins.

Hannes segir aðeins örfá frumþrykk af þessari myndröð til í heiminum, en röðin samanstendur af áttatíu aetingum frá árinu 1799. „Konunglega svartlistasafnið varðveitir allar upprunalegu koparplötur og eru frumþrykk eftir meistara Goya, frá fyrstu útgáfu þeirra í Madrid árið 1799, hér til sýnis. Fyrsta útgáfan var sú eina sem Goya leit eftir persónulega, en þau eintök hafa týnst nánast öll. Þetta er auðvitað virtasta og verðmætasta útgáfan. Hana er aðeins að finna í nokkrum helstu listasöfnum heimsins, í British Museum, Fagurlistasafninu í Boston, Prado-safninu og Hinu konunglega svartlistasafni Spánar, sem á einnig aðra röð með handskrifuðum athugasemdum

um Goya. Hin röðin var send til Íslands, en þetta er mikilvægasta safn svartlistarmynda í eigu stofnunarinnar, það langvirtasta, sem sárásjaldan er lánað út. Koparstungur fyrstu útgáfunnar varðveita fyllilega þróttmikla línuna í aetingunni og ríkuleg blæbrigði myndflatarins. Vegna hins sögulega mikilvægis verksins tók Svartlistasafnið þá ákvörðun fyrir margt löngu að innsigla plöturnar til að koma í veg fyrir að fleiri eintök yrðu gerð,“ segir Hannes.

Auk frumþrykkjanna eru til sýnis í safninu nýrðra flennistórar andlitsmyndir úr Kenjunum, þ.e.a.s. andlit sem Goya teiknaði á stærð við mannsnógl og stækkuð hafa verið stafrænt upp í næstum 5 fermetra og þrykk á eðalpappír. Listasafnið á Akureyri er fyrsta safnið í heiminum sem hýsir samhlíða sýningu á Kenjunum og þessum andlitsmyndum, að sögn Hannesar. Þetta eru andlit fávísku, hégóma og drambsemi, djöfla og þúka, tekin úr samhengi þar sem við blasir tjáningarmáttur ásjónunnar, sálarinnar. Þessar myndir ganga nú sem sér-sýning sem nefnist „Francisco de Goya: Samviskan dregin upp“ og hefur hún farið um víða veröld og fengið góða dóma í mörgum löndum Evrópu og Ameríku. „Nú hefur Listasafnið á Akureyri fengið

þessa nútímaútgáfu til sýnis plús frumþrykkinn 80, einskonar tvöfalda útgáfu, sem aldrei áður hafa sést saman, ekki einu sinni á Spáni,“ segir Hannes og bætir við: „Kenjarnar eru höfuðverk spænskrar svartlistar allra tíma og teljast til þeirra verka sem mest áhrif hafa haft á heimlistasöguna. Saga nútíma myndlistar er talin byrja með Goya og skipa Kenjarnar þar einstakan sess; hann var síðasti „gamli meistarinn“ og sá fyrsti nútímalegi. Þessar áttatíu koparstungur eru grundvallarheimild bæði til að kynna sköpunarferlinu í myndlist Goya og spænsku samfélagi í lok 18. aldar af sjónarhóli upplýsingarstefnunnar.“

Hannes segir röð atburða hafa stuðlað að sköpun Kenjanna. „Hún einkenndist fyrst og fremst af því að Goya gerðist æ fráhverfari staðlaðri listsköpun og hneigðist æ meir að nýsköpun.“

Kenjarnar eru þannig undanfari nútímalistar, eða fyrsta skrefið á þeirri braut, bæði vegna tækni og myndmáls en ekki síður fyrir þá hvössu þjóðfélagsádeilu

sem þær hafa að geyma – og sú ádeila á að flestu leyti ennþá fullkomlega við í dag. Goya hvarf frá öllum reglum hinnar klassísku rétttrúnaðarsvartlistar og kom fram með algjörlega frjálst form, með myndmál sem fólst meðal annars í því einfaldlega að teikna beint á plötuna. Þetta samspil aetingar og frjálstrar sköpunar var óþekkt í Evrópu og því gífurleg nýjung. Langur tími leið á Spáni, Ítalíu og í Frakklandi þangað til aftur var horfið til þessarar frjálsu sköpunar í aetingmyndlistinni sem Goya kom fram með nær einni öld áður.“

Sýningin kemur frá hinu Konunglega svartlistasafni Spánar, Calcografía Nacional í Madrid, og er hún framlag Akureyrarbæjar til Listahátíðar í Reykjavík. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Javier Blas, forstöðumaður Svartlistasafnsins, opna sýninguna. Sýningin verður síðan aftur sett upp í Listasafni Reykjavíkur í lok ágúst.

ÁTVR ríkisstofnun til fyrirmyndar 2004

ÁFENGIS- og tóbaksverslun ríkisins hefur verið valin ríkisstofnun til fyrirmyndar árið 2004 og afhenti Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, Höskuldur Jónssyni, forstjóra ÁTVR, verðlaunagripinn Vegvisinn af því tilefni í Ráðherrabústaðnum í gær. Einnig fékk Fiskistofa viðurkenningarskjal fyrir góðan árangur og Heilbrigðisstofnunin á Akranesi fékk hvatningarviðurkenningu.

Óskað var eftir tilnefningum frá ráðuneytum auk þess sem ríkisstofnanir gátu sjálfar óskað eftir að vera tilnefndar. Sérstök nefnd fór yfir tilnefningarnar og fékk hún greinargerðir frá fimmtán stofnunum að þessu sinni og voru þær metnar út frá því hversu skýr stefnumótun, framtíðarsýn og markmiðssetning stofnunarinnar væri.

Auknar kröfur um árangur

Fram kemur að markvisst hafi verið unnið að því í ríkisrekstri á undanföllum árum að færa völd og ábyrgð í rekstrar- og starfsmannamálum til stjórnenda ríkisstofnana. Gerðar séu auknar kröfur um árangur af þeirri starfsemi sem þar fari fram og eigi val á ríkisstofnun til fyrirmyndar rætur að rekja til þessarar stefnu.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir meðal annars: „ÁTVR er þjónustufyrirtæki sem farið hefur í gegnum miklar breytingar á andanförum árum og gerbreytt ímynd sinni með markvissum aðgerðum. Sá árangur sem hefur náðst er afrakstur framsekkinnar stefnumörkunar þar sem athyglin beinist að því að koma til móts við væntingar og þarfir viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Unnið er samkvæmt markvissum áætlunum þar sem fram koma markmið og mælikvarðar, beitt er nýjustu tækni og lögð áhersla á hæfni og þekkingu starfsfólks. Markmiðum og mælikvörðum er fylgt eftir innan ársins og sífellt leitað leiða til þess að bæta þjónustuna og gera starfsemina skilvirkari. Vel er staðið að fjármála- stjórnun og með hagræðingaraðgerðum hefur tekist að innleiða breytingar án þess að auka við kostnað sem hlutfall af veltu.“

Verðlaunagripinn Vegvisinn hannaði og smíðaði Jón Snorri Sigurðsson, gullsmíður, en þetta er í fimmta sinn sem ríkisstofnun til fyrirmyndar er valin. Orkustofnun varð fyrir valinu árið 2002, Landgræðsla ríkisins árið 2000, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi árið 1998 og Kvennaskólinn í Reykjavík árið 1996.

Hestamiðstöð Íshesta

Skráning í reiðskólann
- seldist upp á met tíma í fyrra

Við bjóðum upp á 2 vikna reiðnámskeið fyrir börn og unglinga. Einnig sérstök "polla og þæju" námskeið fyrir börn á aldrinum 5 - 7 ára. Einn fremsti reiðkenntari landsins, Sigrún Sigurðardóttir sér um alla kennslu í reiðskólunum. Fyrstu námskeiðin hefjast í byrjun júní. Námskeiðin seldust upp á met tíma í fyrra þannig að vissara er að bóka snemma í ár.

upplifðu ÍSLAND - SÆKJUM ÞAÐ HEIM

ÍS HESTAR

Sími 555 7000 - frá kl. 8:00 til 22:00 alla daga

Amnesty International um misþyrmingar á föngum Íslenskum stjórnvöldum kunnugt um ásakanir

ÍSLENSKUM yfirvöldum mátti vel vera kunnugt um ásakanir Amnesty International um pyntingar í Írak, að því er fram kemur í fréttatilkynningu sem Íslandsdeild Amnesty sendi frá sér í gær. Þar segir að framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International hafi meðal annars ritað bréf sem dagsett er 23. febrúar 2004 til utanríkisráðherra Íslands og hafi afrit af því bréfi verið sent öllum þingflokksformönnum.

Tilefni bréfsins var fundur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í Genf dagana 15. mars - 23. apríl síðastliðinn. Í bréfinu var fjallað um þau málefni sem Amnesty International

al lagði áherslu á að yrðu tekin fyrir á fundi nefndarinnar. Með bréfinu fylgdi ítarleg skýrsla og í henni er að finna kaffla um áhyggjuefni Amnesty International vegna Íraks, segir í tilkynningunni.

Uppvísir að pyntingum

Með bréfinu fylgdi ítarleg skýrsla og í henni er að finna kaffla um áhyggjuefni Amnesty International vegna Íraks, segir í tilkynningunni.

Í tilkynningunni segir að í kaffla sem fjalli um pyntingar og illa meðferð á íröskum föngum segi orðrétt að hermenn bandalagsherjanna hafi oft orðið uppvísir að

pyntingum og illri meðferð á föngum.

Þar segir einnig að í byrjun apríl í fyrra hafi fyrsta rannsóknarnefnd samtakanna haldið til Íraks og frá þeim tíma hafi samtökin fylgst náið með ástandi mannréttinda í landinu og gert niðurstöður allra rannsókna opinberar. „Upplýsingar Amnesty International um ásakanir um pyntingar í Írak hafa legið fyrir í meira en ár. Samtökin hafa gefið út fjölmargar aðrar skýrslur þar sem fólk er sætt hefur pyntingum af hálfu bandarískra og breskra hermanna í Írak hefur lýst niðurlægjandi og ómannúðlegri meðferð,“ segir jafnframt í tilkynningunni.